

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Teitur Arnlaugsson

Aldursákvörðun á laxahreistri af  
222 veiddum löxum úr Selá í Vopna-  
firði sumarið 1979.

Reykjavík 1980.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN  
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

26. feb. 1980.

Veiðifélag Selár í Vopnafirði.


Kærar þakkir fyrir laxahreistursýnin frá s.l. sumri. Alls voru þau 238, en af þeim reyndist unnt að lesa 234, þar af voru 12, sem ekki voru kyngreind, þannig að niðurstöður taka því til alls 222 laxa. Niðurstöður aflestrararins fylgja hér með í töflum og súluriti. Athygli vekur hversu stór hluti laxanna dvelur 5 ár í ánni áður en göngubróska er náð (30,4% hænga og 37,7% hrygna). Heldur stærra hlutfall nær göngubróska eftir 4 ár eða 54,4% hjá báðum kynjum. Minnst er hlutfall þeirra fiska, sem ná göngustærð á 3 árum eða 15,1% hænga og 8,2% hrygna. Ekki er marktækur munur á dvalartíma í ferskvatni eftir kynjum. Í þessum landshluta er uppeldistími í ám sá lengsti á landinu og veldur þar mestu tiltölulega lágt meðalhitastig.

Þá kemur skýrt fram munur á dvalartíma í sjó eftir kynjum. Þannig virðast hrygnur hafa mun meiri tilhneigingu til að dvelja 2 ár í sjó (80%), en meirihluti hænga skilar sér aftur á móti upp í ána eftir 1 árs dvöl í sjó 62,5%. Þetta virðist gilda almennt fyrir lax hér á landi. Laxinn er af hrygningar-árgöngunum 1971-1974, þar af mezt frá 1972 eða 43,7%. Meðalaldur veiddra hænga var 5,5 ár en hrygna 6,1 ár.

Kær kveðja,



Finnur Garðarsson.



Teitur Arnlaugsson.

Veiðifélag Selár í Vopnafirði (frh.).

Niðurstöður úr aflestri fjögurra laxahreistursýna,  
sem okkur bárust frá Føroya Ferðamannafélag, Føreyjum  
(veiðimenn Sigurd Simonsen og Sofus Thomsen).

Dags.	Kyn	Lengd cm	Þyngd kg.	Aldur ferskt.	sjór	
1.	07.09.79	Hængur	56	2	3	1
2.	07.09.79	Hrygna	53	1.7	3	1
3.	07.09.79	Hængur	57	1.7	4	1
4.	07.08.79	Hængur	80	4.5	Ólæsilegt	

Kær kveðja,

*Finnur Garðarsson*

Finnur Garðarsson.

Aldursákvörðun 222 veiddra laxa í Selá í Vopnafirði sumarið 1979.

	Kyn	Fj.	Ár í ferskvatni				ár í sjó		
			2	3	4	5	1	2	3
			%	%	%	%	%	%	
Hrygnur		110	0	8,2	54,5	37,3	20,0	80,0	0
Hængar		112	0	15,1	54,5	30,4	62,5	36,6	0,9


Aldurstýpur:

Aldur		Hængar		Hrygnur	
Ferskv.	sjór	Fj.	%	Fj.	%
3	1	12	10,7	2	1,8
3	2	4	3,6	7	6,4
3	3	1	0,9	0	0
4	1	35	31,2	15	13,6
4	2	25	22,3	44	40,0
5	1	23	20,5	4	3,6
5	2	12	10,7	38	34,5
Samtals		112	100	110	100

Fjöldi í Hrygningarárgangi:

Hrygn. árg.	Hængar		Hrygnur		Samtals
	Fj.	%	Fj.	%	
1971	12	10,7	38	34,6	22,5
1972	49	43,8	48	43,6	43,7
1973	39	34,8	22	20,0	27,5
1974	12	10,7	2	1,8	6,3
Samtals	112	100	110	100	100

ALDURSSAMSETNING 222 VEIDDRA LAXA  
 ÚR SELÁ Í VOPNAFIRÐI SUMARIA 1979



3.1 = 3 ÁR Í FERSKVATNI + 1 ÁR Í STÓ OSV.FRV.